



OPIÐ HÚS

HJÁ FRÆÐSLU- OG FRÍSTUNDASVIÐI MOSFELLSBÆJAR

Systkinaerjur – hvað er til ráða?

Miðvikudaginn 29. nóvember klukkan 20 er komið að næsta opna húsi vetrarins hjá Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar sem að þessu sinni verður haldið í Krikaskóla

Á opnum húsum er lögð áhersla á hagnýt ráð varðandi uppeldi og samskipti við börn og unglinga.

Ráð sem foreldrar, systkin, amma og afi, þjálfarar, kennarar og allir þeir sem koma að uppveiti barna og unglinga geta nýtt sér.

Að þessu sinni mun **Kristín Björg Viggósdóttir** iðjubjálfi fjalla um systkinaerjur og hagnýt ráð þeim tengdum, en einnig fara í hvernig stuðla megi að jákvæðum samskiptum á milli systkina. Kristín Björg fjallar um efnið að miklu leyti út frá hugmyndafræði sem á ensku kallast RIE (Resources for Infant Education oft einnig kallað Respectful Parenting) og á íslensku hefur verið þýtt sem *virðingaríkt tengslauppeldi*. Grunnhugtök RIE eru virðing, traust og tengsl og mun Kristín fjalla um hvernig hægt er að tileinka sér þau hugtök með það að markmiði að stuðla að jákvæðum samskiptum systkina á milli.

Kristín Björg er tveggja barna móðir, hefur unnið í geðþjónustu fyrir fullorðna en undanfarin ár mest unnið með börn með þroskafrávik/sérstakar þarfir.

Láttu þetta áhugaverða innlegg ekki framhjá þér fara, sjáumst!



MOSFELLSBÆR
virðing jákvæðni framsækni umhyggja

Þverholt 2 | 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 | mos@mos.is
www.mos.is

Opnu húsin eru fjögur hjá Fræðslu- og frístundasviði og eru haldin síðasta miðvikudag í mánuði yfir veturinn frá klukkan 20-21. Staðsetning auglýst hverju sinni.

Aðgangur er ókeypis og öllum opin.
Fræðslu- og frístundasvið Mosfellsbæjar.

